



USK26010164

**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2026, mánudaginn 4. febrúar kl. 14:30 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 53. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Bjarni Rúnar Ingvarsson.

Fundarritari var Magnús Ársælsson

Þetta gerðist:

**1. Tillaga um bann við stöðvun og lagningu ökutækja og sérrein til suðurs á
Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum á akreinum til suðurs á Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis. Undanþeginn banninu verður Strætó.
- Hægri akrein á Lækjargötu til suðurs, milli Hverfisgötu og Bankastrætis, verði sérakrein einungis ætluð akstri hópþifreiða í almenningsakstri

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

**2. Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Laugarásvegar frá
gatnamótum við Langholtsveg og 50 metra inn götuna**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50m inn á götuna.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 14:39
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Bjarni Rúnar Ingvarsson



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 30. janúar 2026
USK26010083

TILLAGA

Bann við stöðvun og lagningu ökutækja og sérrein til suðurs á Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum á akreinum til suðurs á Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis. Undanþeginn banninu verður Strætó.
- Hægri akrein á Lækjargötu til suðurs, milli Hverfisgötu og Bankastrætis, verði sérakrein einungis ætluð akstri hópbifreiða í almenningssakstri.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Leigubílstjórar hafa haft afnot af strætóstöð á Lækjargötu við Lækjartorg til að ná í og setja af farþega á næturnar. Merkt var að óheimilt væri að stöðva og leggja utan sjálfrar strætóstöðvarinnar (20 metra frá gatnamótum), en það hefur þó ekki stöðvað það að leigubifreiðum er þar stillt upp um helgarnætur. Það veldur því að Næturstætó, sem ekur m.a. um umrædda stöð, kemst ekki að stöðinni til að hleypa inn farþegum. Þar af leiðandi nýtist næturstætó ekki eins og best verður á kosið, og aðgengi allra í Strætó er ekki tryggt.

Stæði sem sérstaklega eru ætluð leigubifreiðum má finna víða um miðborgina, þ.m.t. í næsta nágrenni við stöðina, bæði í Hverfisgötu næst gatnamótum við Lækjargötu og í Lækjargötu sunnan við Bankastræti.

Sérákvæði þessu er ætlað að greiða leið almenningssamgangna, tryggja aðgengi almennings að þeirri þjónustu, auka umferðaröryggi og bæta upplifun farþega Strætó sem og leigubifreiða.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir svæðið, staður þar sem lagt er til bann við lagningu ökutækja er merktur með rauðu
Hjálagt: Afrit af ábendingu frá lögreglunni varðandi sérakrein í Lækjargötu



Reykjavík



Reykjavík



RE_ Tillaga um bann við stöðvun og lagningu ökutækja á akreinum til suðurs á Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis

Móttekið	4.2.2026 08:33:23
Búið til dags.	4.2.2026 08:38:04
Tilheyrir	 USK26010083 - Sérákvæði um notkun vega 2026
Frá	Logi Sigurjónsson (logi.sigurjonsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, arni.fridleifsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Samþykkt án athugasemda fyrir hönd LRH.

Kveðja,

Logi Sigurjónsson

Aðalvarðstjóri

Umferðardeild

logi.sigurjonsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

**Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu**

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 30.01.2026 09:11
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: Tillaga um bann við stöðvun og lagningu ökutækja á akreinum til suðurs á Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja

Magnús Ársælsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 30. janúar 2026
USK26010083

TILLAGA

Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50 metra inn götuna

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50m inn á götuna.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Vegna endurgerðar leikskólans Sunnuáass hefur verið komið fyrir færanlegum kennslustofum á bílplaninu sem aðgengilegt var frá Laugarásvegi. Af þessu leiðir að foreldrar leggja í meira mæli við norðurkant á Laugarásvegi, en við gatnamótin að Langholtsvegi er bæði beygja í götunni og miðeyja. Sé lagt of nærri gatnamótunum er þar af leiðandi byrgð sýn bílstjóra inn götuna, eða þrengt það mikið að akbraut að það getur valdið slysaþættu. Af þessum ástæðum, og sér í lagi þar sem um er að ræða svæði við leikskóla, er lagt til að stöðvun og lagning ökutækja verði óheimil á því svæði þar sem það getur haft umtalsvert neikvæð áhrif á umferðaröryggi.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir svæðið, staður þar sem lagt er til bann við lagningu ökutækja er merktur með rauðu





RE_ Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50 metra inn Laugarásve

Móttekið	4.2.2026 08:25:52
Búið til dags.	4.2.2026 08:38:16
Tilheyrir	 USK26010083 - Sérákvæði um notkun vega 2026
Frá	Logi Sigurjónsson (logi.sigurjonsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is

Innihald

Sæll og afsakaðu sein svör.

Þetta er samþykkt án athugasemda fyrir hönd LRH.

Kveðja,

Logi Sigurjónsson

Aðalvarðstjóri

Umferðardeild

logi.sigurjonsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

**Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu**

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er

prentaður / Please consider the environment before printing

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 02.02.2026 12:13
To: Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Subject: FW: Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50 metra inn Laugarásveg

Sæll

Hefur þú náð að skoða þetta?

Kveðja

Magnús Ársælsson
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur



From: Magnús Ársælsson
Sent: föstudagur, 30. janúar 2026 09:13
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50 metra inn Laugarásveg

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja

Magnús Ársælsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur